

Lífsleikni

Kennarar: Erna Sigrún Jónsdóttir; Guðný Stefanía Stefánsdóttir; Iwona Maria Samson

7

Markmið:

- Að þjálfar nemendur í mannlegum samskiptum og tillitssemi.
- Að nemendur geri sér grein fyrir áhættu samfara neyslu vímuefna og hafi jákvætt viðhorf til heilbrigðs lífnis.
- Að nemendur vinni gegn einelti.
- Að nemendur átti sig á andlegum, tilfinningalegum og félagslegum breytingum sem verða í lífi einstaklings við það að breytast úr barni í ungling.
- Að nemendur geti tjáð sig og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum.
- Að nemendur þjálfist í að koma fram fyrir hóp.
- Að nemendur vinni samkvæmt uppbyggingarstefnu.

Námsefni:

Ertu? Vinnubók í lífsleikni, bekkjarfundir, uppbyggingarstefnan, árshátíð, Stóra upplestrarkeppnin, reyklus bekkur, skólabúðir að Reykjum, fjallgöngur.

Kennsluaðferðir:

Kennslutilhögun: Lífsleiknin er kennd einu sinni í viku að jafnaði allan veturinn. Kennsluaðferðir; einstaklingsvinna, umræður, hópavinna og bekkjarfundir.

Nemendur fara í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði þar sem reynir mikið á mannleg samskipti og tillitssemi.

Námsmat:

Námsframvinda er skráð í mentor

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
- Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfmynd sína.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.
- Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.